

**SIGRÚN ELDJÁRN**

**RITPING**

**24. NÓVEMBER 2007**



# SIGRÚN ELDJÁRN

**Þann 24. nóvember 2007 sat Sigrún Eldjárn fyrir svörum á Ritþingi Gerðubergs. Stjórnandi var Sigprúður Gunnarsdóttir. Í hlutverki spyrsla voru þau Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson og Margrét Tryggvadóttir.**

## *Strigaskór og sippubönd*

### *Sigprúður:*

Góðir gestir, verið velcomin á Ritþing um verk Sigrúnar Eldjárn sem ber yfirskriftina „Allt í plati“.

Svo ég hafi örfá orð um Sigrúnu áður en við byrjum þá fæddist hún í Reykjavík vorið 1954. Faðir hennar, Kristján, var um þær mundir þjóðminjavörður, eins og menn vita, og móðir hennar, Halldóra, sá um heimilið. Sigrún gekk hefðbundinn menntaveg Vesturbæings og að loknu prófi frá Myndlista- og handíðaskóla Íslands hefur hún starfað að list sinni, myndlist og ritlist, og afköstin sýna, svo ekki verður um villst, að hún hefur ekkert verið að drolla. Hún hefur haldið bæði einkasýningar og tekið þátt í fjölmörgum samsýningum á myndlistasviðinu og bókalistinn gæti ekki verið öllu tilkomumeiri; 43 bækur á 28 árum. Sigrún, 43 bækur, skemmtilegar bækur meira að segja! Ég var svo heppin að vera barn þegar fyrsta bók Sigrúnar, *Allt í plati*, kom út. Og ég man vel

hvað mér fannst hún æðisleg. *Eins og í sögu*, bók númer tvö, gleypti ég líka í mig en eftir það varð ég unglingur og Sigrún sneri sér að bókum fyrir yngri börn. En það var jafnvel ennþá skemmtilegra að koma að bókum Sigrúnar sem foreldri og fá að lesa mergjaðan texta hennar upphátt. Það er dýrmætt að eiga sögur sem gleðja bæði börn og full-orðna, raunverulega, og enginn fær nokkurn tímann leiða á.

Sigrún hefur hlotið fjölda viðurkenninga fyrir ritstörf sín. Nú síðast tók hún fyrst manna á móti Sögusteini, nýstofnuðum barnabókaverðlaunum IBBY-samtakanna og Glitnis. Sögusteininn fékk Sigrún fyrir ritferil sinn og var það vel til fundið hjá dómnefndinni að velja höfund með annan eins ritferil og Sigrún getur státað af. Hérna í dag ætlum við að fara yfir þennan magnaða feril og reyna að grafast fyrir um rætur höfundarins og listakonunnar Sigrúnar Eldjárn. Inn á milli fáum við tónlist og lestur. En við byrjum bara á byrjuninni. Sigrún, heldur þú að lykillinn að þessu öllu saman sé að alast upp á Þjóðminjasafninu?

### **Sigrún:**

Já, ég held það hafi kannski bara skipt heilmiklu máli. Þetta er fyrsta myndin sem var tekin af mér eða að minnsta kosti sú fyrsta sem ég veit um. Ég fæddist á fæðingadeild Landspítalans, eins og svo margir aðrir, og fór svo bara beint á Þjóðminjasafnið og það er nú ekki langt að fara. Nú, þar biðu eftir mér systkini mín, Ólöf og Þórarinn, 5 og 7 ára, eða næstum því orðin það, þannig að ég var mjög heppin.

Þarna er nú Þjóðminjasafnið, eins og það var þá. Mér finnst þetta alltaf vera svona eins og Sfinx, svona ljón sem liggur fram á lappir sínar, eins og egypsku Sfinxarnir. Þess vegna var svolítið skrýtið þegar var farið að ganga inn þar sem er gengið inn núna! En tölum ekki meira um það. En það var náttúrlega alveg frábært að búa þarna í Þjóðminjasafninu og ég áttaði mig ekki alveg strax á að það væri eitthvað óvenjulegt. En maður gat valsað um allt safnið og ekki bara Þjóðminjasafnið heldur líka Listasafn Íslands sem var á efstu hæðinni.

### **Sigprúður:**

Eftir hverju manstu, frá safninu? Þú hefur valsað þarna um, pínulítill, í annarri augnhæð en aðrir gestir safnsins. Hvernig var að vera lítill stelpa og hlaupa um Þjóðminjasafnið?

**Sigrún:**

Jú, það fyrsta sem mér dettur í hug eru allar konurnar, sem voru að passa, sem mér fannst vera eldgamlar konur. Þær hafa nú kannski ekki verið mjög gamlar en ég hafði meiri áhuga á þeim en gripunum, svona fyrst. Ég hlýt nú að hafa séð alla gripina líka því ég sé alveg fyrir mér alla salina í safninu eins og þeir voru. Ég þarf ekki einu sinni að loka augunum. Ég bjó í þessu húsi alveg þangað til ég varð 14 ára þannig að ég var í ýmsum augnhæðum þarna.

Þetta er svolítið falleg mynd. Þarna er mamma að skipta á mér úti í móa. Ég tók hana með af því mamma á afmæli í dag. Mér finnst hún svo fín á þessari mynd.

Þarna erum við fjölskyldan en yngsti bróðirinn er ekki fæddur. Ég hef líklega verið svona 2ja eða 3ja ára. Þarna erum við fyrir framan dyrnar á íbúðinni okkar. Ég veit ekki hvað er þarna núna, hvort það eru skrifstofur eða eitthvað þess háttar. Og glugginn sem sést í, það er glugginn sem varð seinna herbergisglugginn minn, þarna í horninu. En á þessum árum átti ég náttúrlega ekki mitt eigið herbergi.

**Sigprúður:**

Þú segir að í húsinu hafi ekki bara verið þjóðminjar, það voru líka málverk?

**Sigrún:**

Já, Listasafn Íslands var þarna uppi. Í Bogasalnum voru haldnar sýningar og ýmsir sem sýndu þar, til dæmis Kristján Davíðsson sem núna er með sýningu í Listasafni Íslands. Ég held það hafi bara verið hann pabbi sem valdi fólk inn í Bogasalinn. Hann sá svona meira og minna um allt sem gerðist í þessu húsi.

**Sigprúður:**

Manstu eftir að listaverkin hafi togað í þig? Manstu eftir að hafa átt þér eitthvert eftirlætisverk?

**Sigrún:**

Ekki neitt svona sérstakt eftirlætisverk. Það sem ég man einna best eftir eru stórar höggmyndir sem voru frammi á ganginum, risastór karl,

allsber, með haka á lofti. Ég held það hafi verið eftir Ásmund. Og fleiri svoleiðis. En akkúrat núna, um leið og sýningin hans Kristjáns Davíðssonar er í Listasafni Íslands, eru þar líka sýnd verk sem voru upphafið að Listasafni Íslands, verk sem voru gjöf frá Markúsi Ívarssyni járnsmiði. Þar sé ég marga vini mína frá því í gamla daga, á þeirri sýningu.

Já, þessi mynd er nú bara voða sæt, þarna erum við feðginin!

**Sigprúður:**

Varstu pabbastelpa?

**Sigrún:**

Já, ég held það nú. Ég fæddist 1954 og það sumar var mikill uppgröftur í Skálholti og þá fannst þessi merka steinkista hans Páls biskups. Þannig að pabbi var mjög upptekinn svona fyrstu mánuðina. Hann tók ekkert sérstaklega vel eftir mér þá en svo seinna tók hann eftir mér og þá varð ég pabbastelpa.

Þetta erum við mæðgurnar; ég, Ólöf og mamma og ég tók þessa mynd með í þessa sýningu, eiginlega út af strigaskónum sem við stelpurnar erum í. Þetta eru strigaskórnir sem eru í bókunum mínum. Kannski veit fólk að það eru allir í strigaskóm í bókunum mínum og flestir halda að það séu Converse-skór en það eru eiginlega svona skór. Ég held að þetta séu austur-evrópskir strigaskór. Maður fékk alltaf svona á vorin.

**Aðalsteinn:**

Varstu alltaf í strigaskóm? Og ert kannski mikið til enn?

**Sigrún:**

Já, ég er mikið í strigaskóm. Maður var í strigaskóm á sumrin. Ég fékk kannski ekki alltaf nýja strigaskó á vorin en á hillu inni í geymslu voru til strigaskór í ýmsum stærðum sem eldri systkini höfðu átt. Þetta var svona sumarfótabúnaður sem fylgdi með sippubandinu og því.

**Aðalsteinn:**

Aðeins kannski að Þjóðminjasafninu aftur og því sem þú hefur drukkið í þig þar: Á Þjóðminjasafninu voru búningar til sýnis á þessum tíma

og þar var líka vaxmyndasafnið sem var náttúrulega stórmerkilegt fyrir krakka.

**Sigrún:**

Já, vaxmyndasafnið var mjög skemmtilegt. Þar voru tveir hópar af fólki; það voru Íslendingar í öðru herberginu og útlendingar í hinu. Það var eiginlega meira gaman að horfa á útlendingana, eins og til dæmis Napóleon og Baden Powell. Þeir voru allir í einhverjum búningum en það voru allir meira og minna í jakkafötum í íslenska herberginu. Ég held að það hafi bara verið ein kona á þessu vaxmyndasafni og hún var í skautbúningi. Það voru Óskar Halldórsson og kona hans sem gáfu þetta vaxmyndasafn til minningar um son sinn sem fórst og var sjómaður. Þau voru þarna öll þrjú, þessi hjón og sonurinn. Hann var voðalega sætur, ljóshærður í dökkblárrí sjóarapeysu. Þetta voru þeir Íslendingar sem var mest spennandi að horfa á þarna en annars var meira varið í útlendingana.

**Sigprúður:**

Þú sagðir okkur að þú hafir verið notuð vegna smæðar þinnar til að bjarga vaxmyndunum þegar eitthvað bjátaði á.

**Sigrún:**

Já, það var þarna í eitt skipti að Winston Churchill hafði misst vindilinn sinn sem hafði þornað upp. Hann stóð svona með vindil milli fingranna og allt í einu var vindillinn dottinn á gólfið og þá skreið ég þarna, hann var svona innst í herberginu, og ég náði í vindilinn svo það væri hægt að skipta.

## **Spennandi leikvöllur**

**Aðalsteinn:**

Varstu bara að valsa um safnið? Var þetta leikvöllur þinn í raun og veru?

**Sigrún:**

Já, ég fékk alveg að valsa um, meira að segja þótt það kostaði tókall að skoða vaxmyndasafnið, að öðru leyti var nú ókeypis, en ég þurfti

ekki að borga tókall. Já, það var innangengt úr íbúðinni í safnið og þegar maður kom út úr íbúðinni var Sjóminjasafnið strax til vinstri handar og svo hitt safnið fyrir ofan og svo Listasafnið á efstu hæðinni. Þannig að þetta var spennandi leikvöllur.

**Aðalsteinn:**

En stelpa á svona finum strigaskóm hefur væntanlega farið aðeins út fyrir húsið líka?

**Sigrún:**

Já, það var náttúrliga heilmikið leiksvæði þarna í kring, öll þessi tún, Háskólasvæðið og svo stutt niður á Tjörn. Þar var hægt að gefa öndunum og veiða síli og fara á skauta og það var ekkert mál að labba yfir Hringbrautina þótt maður væri kannski bara fimm ára, það var bara auðvelt.

**Margrét:**

Þú minntist á gæslukonurnar, voru þær nokkuð með skotthúfu?

**Sigrún:**

Já, þær voru nefnilega margar hverjar með skotthúfu, voru á upplut og peysufötum, ægilega fínar. Þær konur, ásamt ömmu minni og afa-systrum, hafa ratað inn í bækurnar mínar, held ég.

**Sigprúður:**

Heldur þú að það sé fleira frá Þjóðminjasafninu sem hefur ratað inn í bækurnar? Þú ert með svolítið af beinagrindum í bókunum þínum.

**Sigrún:**

Já, það eru beinagrindur og einhver atriði sem koma seinna, sem hafa ratað þarna inn. Þarna erum við systkinin orðin fjögur, ægilega sæt. Þessi mynd var tekin þegar Ólöf systir mín fermdist, þess vegna er hún svona kerlingarleg um hárið! Þórarinn hefur greinilega líka vandað sig mjög að greiða sér. Við hin erum bara frekar eðlileg. Og þarna er Ingólfur bróðir minn kominn í hópinn, Ingólfur tannlæknir. Það sést á honum að hann átti eftir að verða tannlæknir!

**Sigprúður:**

Og þarna ertu í góðra vina hópi.

**Sigrún:**

Já, ég átti náttúrulega alls ekkert að vera á þessari mynd. Þetta er mynd sem einhver blaðaljósmyndari á Mogganum tók og tilefnið var að Ólafur fimmti Noregskonungur var að koma í heimsókn. Ásgeir Ásgeirsson var með honum og þeir þjóðhöfðingjar komu til að skoða Þjóðminjasafnið og þjóðminjavörður var að taka á móti þeim. Ég stóð hérna megin með hópi sem var að fylgjast með. En svo þegar þeir komu þarna upp, þá missti ég stjórn á mér og hljóp þvert yfir og pabbi bandaði mér svona aðeins til hliðar. Mér þykir svolítið vænt um þessa mynd, mér finnst hún svolítið fín.

**Sigprúður:**

Manstu eftir fleiri stórmönnum sem komu í heimsókn á safnið?

**Sigrún:**

Nei, ég var nú ekkert að fylgjast með því. Ég man hins vegar að það komu stundum amerískir hermenn. Þeir voru svolítið spennandi. Þessa mynd tók amerískur hermaður og ég fékk hana senda fyrir nokkrum árum. Hann hafði komið að skoða safnið og Listasafnið. Svo var þessi karl orðinn gamall og var að skoða myndasafnið sitt og sendi myndina til Listasafnsins og þar vann manneskja sem þekkti strax krakkana á myndinni. Þessi fyrrverandi hermaður var að athuga hvort það væri hægt að finna þetta fólk og svo sendi hann mér myndina. Það var auðvelt að rekja það.

## **Alltaf verið borgarstelpa**

**Sigprúður:**

Þú ert í Melaskóla þarna? Varst þú að lesa og skrifa á þessum árum?

**Sigrún:**

Já, ég las mjög mikið, það var stutt að fara á Borgarbókasafnið, eða Bæjarbókasafnið réttara sagt. Svo áttu Ólöf og Þórarinn fullt af bókum; ég gat lesið bæði rauðar bækur og bláar bækur, bæði strákabækur og stelpubækur, og las alveg heilmikið. Og svo skrifaði ég bara svona þegar hún Ásdís Steinþórsdóttir kennarinn minn í Meló sagði okkur að skrifa sögu.



**Margrét:**

Áttir þú þér einhverjar uppáhaldsbækur?

**Sigrún:**

Já, *Ævintýri litla tréhestsins* og *Litla uglan hennar Maríu* voru uppáhaldsbækur. Og svo bækurnar um Millý Mollý Mandý og Óla Alexander. Það er engin ein sem var algjör uppáhaldsbók, það eru bara margar sem vekja góðar minningar.

**Margrét:**

Lestu þessar bækur einhvern tímann ennþá?

**Sigrún:**

Ég las núna nýlega mjög dramatíska bók, sem heitir *Mamma litla* og margir muna örugglega eftir, bara til að athuga, af því maður grét svolítið yfir henni. Ég las hana núna í sumar.

**Margrét:**

Gréstu?

**Sigrún:**

Nei, en mér fannst hún svolítið skrytín.

**Sigprúður:**

Manstu eftir að hafa hugsað um myndir í bókum á þessum tíma?

**Sigrún:**

Já, þær bækur sem voru með myndum eru mér mjög minnisstæðar. Til dæmis *Dísa ljósálfur* og bókin um dverginn Rauðgrana, þar sem er mynd á hverri síðu. Og svo líka myndir Halldórs Péturssonar sem teiknaði nú mikið. Ef bækur voru myndskreyttar, þá voru þær flestar með myndum eftir hann; skólabækur og allt. Þetta er fyrsta sagan sem hefur varðveist eftir mig. Ég skrifaði hana í sjö ára bekk og hún hét „Ennþá snjóar útifyrir“ og ég held að þetta hafi ekki verið neitt sérstaklega góð saga en mamma geymdi þessa stílabók. Þeim fannst svo góður titillinn. Það er stuðlað og svo kemur þessi setning fyrir alltaf við og við. Ég veit ekki hvað þetta heitir í bókmenntafræðunum, svona stef? En þetta er alla vega elsta sagan sem er til eftir mig.

**Aðalsteinn:**

En fannst þér gaman í skóla ef þú rifjar upp barnaskólaárin?

**Sigrún:**

Já, mér fannst gaman í Melaskólanum. Ég held að mér hafi ekki þótt alveg jafn gaman í Hagaskólanum, nema kannski í teiknitímunum.

**Sigprúður:**

Teikningin varð snemma eitthvað sem þú fórst að leggja alúð við og læra fyrir utan skólann. Hvað heldurðu að hafi verið kveikjan að því?

**Sigrún:**

Ég lærði nú á píanó frá því ég var 8 ára til 13 ára en þá vorum við, foreldrar mínir og ég sjálf, búin að átta okkur á að mig langaði miklu meira til þess að teikna en að spila á píanó. Þá fór ég á námskeið í Myndlistaskólanum í Reykjavík sem var þá í Ásmundarsal við Freyjugötu og þá einhvern veginn fór þetta allt af stað.

**Margrét:**

Hverjir kenndu þér þar?

**Sigrún:**

Það var Ragnar Kjartansson sem er afi núverandi Ragnars Kjartanssonar sem er að fara á Feneyjatvíæringinn. Hann var myndhöggvari og ég var í svona leirmótunartíma hjá honum. Og svo kenndi Gylfi Gíslason mér einhvern tímann og Leifur Breiðfjörð og Hringur. Ég var þarna allmörg ár, alveg frá því ég var 13 ára og þangað til ég var orðin stúdent. Ég var alltaf á námskeiðum, ýmist í Myndlistaskólanum í Reykjavík eða Myndlista- og handíðaskólanum þar sem voru svona síðdegis- og kvöldnámskeið hjá hinum og þessum fínum kennurum.

**Sigprúður:**

Svo fyrstu að teikna í skólablöð?

**Sigrún:**

Já, þetta er úr skólablaði Hagaskólans. Ég gat nýst svolítið í félagslífinu í þessum skólum, í Hagaskóla og seinna í MR, með því að teikna. Og þetta er viðtal við Björgvin sem var þá poppstjarna Íslands. Ég var

ægilega hrifinn af honum, hann skrifaði á handlegginn á mér þegar ég keypti plötuna hans. Þetta var áður en hann lét laga tönnina. Og þarna er viðtal við Þórarin V. Hann var í Hagaskólanum og var formaður skólafélagsins. Og þetta er forsíðan á einu skólablaðinu, þetta var síðasta veturinn sem ég var í Hagaskóla, 1969 til 1970, þegar ég var í landsprófsbekknum.

**Sigrúður:**

Þú fluttir til Bessastaða á meðan þú varst í Hagaskóla. Úr einni opinberri byggingu í aðra?

**Sigrún:**

Já, aldrei nein almennileg adressa! Já, ég var 14 ára þegar ég flutti þangað og mér fannst það nú svolítið skrytið. Það var skrytið fyrir unglíng að flytja þarna upp í sveit. Það voru erfiðar samgöngur; það fór strætó tvisvar í viku alla leið en það var hægt að taka Hafnarfjarðarstrætó og fara út við Álfanesafleggjarann og láta sækja sig eða ganga í klukkutíma. En ég hélt áfram að vera í Hagaskólanum þannig að mér var ekið þangað á morgnana, ekki í forsetabíl reyndar, en svo þegar ég fór heim þá var ég gjarnan samferða pabba sem var að fara heim af skrifstofunni og þá var það svartíllinn. En ég bað alltaf bílstjóran að bíða eftir mér við Háskólabíó af því mér fannst frekar leiðinlegt að hafa svona svartan bíl fyrir utan.

**Sigrúður:**

Samt var þetta nú eitthvað sem skólafélagar þínir vissu vel af!

**Sigrún:**

Já, auðvitað vissu þeir þetta. En þó að mér hafi þótt að vissu leyti erfitt að flytja á þennan stað þá var það samt líka skemmtilegt. Það var gaman að fara í badminton í móttökusalnum og svo var þarna æðavarp sem mér fannst svolítið merkilegt og ýmislegt nýtt sem maður kynntist.

**Margrét:**

Upplifðirðu þig sem sveitastelpu þegar þú fluttir í sveitina?

**Sigrún:**

Nei, ég hef alltaf verið borgarstelpa.

**Sigprúður:**

Svo ertu komin í MR. Hvað er að gerast þarna?

**Sigrún:**

Þetta er eiginlega mitt eina leiklistarafrek. Málfundafélagið Framtíðin átti 100 ára afmæli og leikritið *Útilegumennirnir* eftir Matthías Jochumsson var sett upp í tilefni þess. Hann hafði skrifað leikritið fyrir skólapilta við Lærða skólann. Þetta var sett upp og það voru eintómar stelpur sem léku. Á miðri myndinni er Skugga-Sveinn, það er Inga Lára Baldvinsdóttir, og við hliðina á henni er Diddú sem er Ketill skrækur. Svo er Bera Norðdal bóndinn með hattinn. Og ég er hérna alveg lengst; ég lék stúdent sem átti að tala latínu og sveifla sverðum!

**Sigprúður:**

Enda varstu í fornmáladeild!

**Sigrún:**

Já, ég lærði latínu, þó að ég sé búin að gleyma henni núna. Ég get ekki lesið latínu en hún laumaðist aftur inn í málverkin mín seinna þannig að það er gagn að því að læra latínu.

## **Ólst upp með Andrési önd**

**Sigprúður:**

Þú ert síteiknandi þarna. Þú teiknaðir líka myndir í skólablað MR og skólablað Hagaskóla. Var sú hugmynd komin í kollinn á þér að þú myndir starfa við þetta?

**Sigrún:**

Já, ég held það hafi smám saman síast inn í mig á menntaskólaárunum að þetta væri það sem ég vildi gera. Maður hugsaði lítið um hvort það væri eitthvað upp úr þessu að hafa, það var aukaatriði.

Þessar myndir eru einmitt úr skólablaði menntaskólans. Þetta er teiknisaga sem heitir „Toddí í tveim löndum“ sem ég gerði með Ingu Láru. Við gerðum þessa teikniseríu þegar við unnum báðar í frystihúsinu á Höfn í Hornafirði. Þetta er byggt á persónum sem unnu með okkur þarna á frystihúsinu. Við höfðum báðar mikinn áhuga á teiknimyndasögum.

Og þarna er önnur mynd úr sömu sögu. Þetta er maður sem er ósýnilegur frá mitti og rænir tönnum úr fólki á nóttunni og fer svo í frystihúsið og gerilsneyðir þær og límir þær svo upp í sjálfan sig. Mjög merkileg saga en þú mátt alveg setja upp næstu mynd!

**Aðalsteinn:**

Varstu farin að skrifa eitthvað annað þarna á menntaskólaárunum eða var myndlistin meira ráðandi?

**Sigrún:**

Nei, ég var ekkert að skrifa, hvorki sögur né ljóð.

**Sigprúður:**

Sem sagt, kveikjan að teikniseríunni var sumarvinna á Höfn. Þetta er önnur sumarvinna?

**Sigrún:**

Já, á þessum tíma fór ég að leggja mikið upp úr að finna mér sniðuga sumarvinnu. Þetta var náttúrulega ekkert mjög frumlegt, þessi fyrsta, að passa barn. Þarna er ég orðin 15 ára og er í Malmö í Svíþjóð og var svona „au pair“ hjá íslenskum læknishjónum. Stelpan, sem ég var að passa, var 11 ára. Hún var bara 4 árum yngri en ég en læknishjónin voru stundum á næturvakt bæði og hún þurfti að hafa einhvern hjá sér.

Þarna var ég að vinna á hóteli í Cornwall í Englandi, að skrúbba klósett og við þurftum að vera í svona ægilega stuttum kjólum. En þessi reynsla nýttist mér mjög vel, að skrúbba klósett. Ég gerði ekkert voðalega mikið af því heima hjá mér.

**Aðalsteinn:**

Ég hélt þú værir að tala um burstann og líkinguna kannski við pensilinn seinnar!

**Sigrún:**

Já, það eru tengsl þar líka! Og svo næsta sumar á eftir vann ég í frystihúsinu á Höfn en ég á engar myndir þaðan, nema þessar teiknimyndasögur. Sumarið þar á eftir var ég í þvottahúsi spítalans í Lundi. Þar vann ég í straudeildinni þar sem voru straujaðir svona grænir læknajakkar.

Það voru mjög merkilegar vélar þar og ég held kannski að einhver þeirra hafi verið inspírasjón fyrir vélarnar sem hún Málfríður býr til. Til dæmis var þar ein mjög skemmtileg vél sem braut saman skyrturnar; maður festi þær í vélina á öxlunum og ýtti svo bara á takka! Ég vann eitt sumar eftir þetta á Hótel Garði en síðan hef ég ekki unnið hjá neinum; ég hef ekki unnið neitt síðan!

Og svo varð ég stúdent, svona ægilega sæt. Þarna var ég búin að ákveða að ég ætlaði að verða auglýsingateiknari og eða myndskreytari. Það var nú það sem ég var að hugsa um. Ég tók inntökupróf í Myndlista- og handíðaskólann og það gekk bara svona ljómandi vel, kannski af því ég var búin að vera á öllum þessum námskeiðum. Mér gekk svo vel í þessu inntökuprófi að ég fékk að sleppa fyrsta árinu, fór beint í forskóla tvö. Það voru tvö ár í forskóla og þá valdi maður deild og þá valdi ég grafíkdeild.

**Margrét:**

Og hættir við auglýsingateiknunina?

**Sigrún:**

Já, þá fannst mér það eitthvað fráhrindandi að fara í auglýsingagerð. Ég vildi vera svona frjáls listamaður. Núna er þarna deild sem er kölluð grafísk hönnun en þessi grafíkdeild var náttúrlega bara frjáls myndlist í þennan miðil, það er grafík sem er svona þrykk ýmiss konar. Ég lærði þarna ætingu, akvatintu, litógrafíu, serigrafíu, dúkskurð og tréskurð og allt þetta.

## ***Fékk borgað með kossi***

**Aðalsteinn:**

En þetta er dálítið merkilegt ár í þínu lífi, 1974, vegna þess að þá klárar þú menntaskólann, þú ákveður hvað þú ætlar að leggja fyrir þig í framhaldsnáminu og þú myndskreytir í rauninni fyrstu bókina líka sem eru ljóðin hans Þórarins.

**Sigrún:**

Já, það er fyrsta svona alvöru myndskreytingarverkefnið. Og þetta er

mynd úr þeirri bók, þetta er við „Möwekvæði“. Þetta var nú örugglega svolítið óvenjuleg ljóðabók því hún er svo mikið myndskreytt.

**Sigprúður:**

Þetta er Þórarinn, ekki satt?

**Sigrún:**

Jú, þetta er Þórarinn á Möwe-tíkinni. Svo var þessi ljóðabók gefin út aftur. Hún var nú endurprentuð oft en hún var gefin út aftur 1979 í nýrri flottari útgáfu og þá fannst mér þessar gömlu myndir ekki nógu góðar. En mér finnst þær reyndar bara fínar þegar ég skoða þær núna. Ég gerði nýjar myndir og þetta er við sama ljóð, svolítið öðruvísi. Þarna er ég búin að vera í myndlistarnáminu.

**Sigprúður:**

Þú myndskreyttir heilmikið á meðan þú varst í námi. Þú varst farin að myndskreyta bækur annarra höfunda en Þórarins?

**Sigrún:**

Já, ég myndskreytti bækur eftir hann Njörð P. Njarðvík. Hann gerði *Sigrún fer á sjúkrahús* og fleiri bækur um Sigrúnu. Mjög raunsæislegar bækur.

**Aðalsteinn:**

En ertu ekki að vísa í þær seinna þegar þú talar um að þér finnist skorta hugmyndaflug og að raunsæið sé ráðandi í barnabókum?

**Sigrún:**

Ja, alla vega þegar ég fór sjálf að skrifa þá voru mínar bækur mjög ólíkar þessum bókum. En í bókunum um Sigrúnu notaði ég svolítið þetta teikniseríuform. Það, sem fólk er að segja, kemur í svona hugs-anablöðrum og talblöðrum.

**Margrét:**

Af hverju hefur þú áhuga á því, eða hafðir?

**Sigrún:**

Ja, ég ólst nú upp, ekki bara á Þjóðminjasafninu, heldur líka með Andrési Önd. Ég var áskrifandi að Andrési Önd frá því ég var átta ára

gömul. Þá var náttúrlega Andrés á dönsku og ég bæði lærði dönsku og lærði á þetta myndmál sem ég held að hafi haft talsverð áhrif á mig og mér finnst það bara hafa verið góð áhrif. Svo á menntaskólaárunum var ég mikið að lesa Asterix-bækurnar, þá náttúrlega á frönsku og þær eru til á latínu líka!

**Aðalsteinn:**

Það er gaman að rifja það upp hérna að þú varst í skólanum í fullu námi þegar þú byrjaðir með bravör í bókinni *Kvæðum* sem hefur selst í mörgum upplögum.

**Sigrún:**

Það var Þórarni að þakka.

**Aðalsteinn:**

Og þú fékkst strax verkefni meðfram skóla og byrjaðir að myndskreyta þannig að það blasti við að þú gætir í rauninni haft mikið að gera við að myndskreyta. Það kannski var ekkert endilega algengt á þessum tíma?

**Sigrún:**

Ég vissi náttúrlega ekkert um það hvort ég myndi hafa mikið að gera við að myndskreyta en ég alla vega fékk þessi verkefni og það var alveg frábært fyrir mig, ég gat unnið svolítið fyrir mér með þessu.

Svo teiknaði ég svolítið fyrir hann pabba. Þetta heitir „tábagall“ og var í Árbók Fornleifafélagsins. Þetta var svona verkefni sem maður fékk borgað fyrir með kossi! En voðalega gaman! Þetta er úr *Hagleiksverkum Hjálmars í Bólu*, það var bók sem hann skrifaði um Bólu-Hjálmar. Ég teiknaði þarna tvær myndir, það var þessi og næsta, þar sem er höfðaletur. Þannig að það var svona ýmislegt sem var hægt að nýta mann í.

**Aðalsteinn:**

Já, tímarnir hafa eitthvað breyst þarna. Ég sá að þið Þórarinn hafið skipt höfundalauninum til helminga en þarna varstu að vinna fyrir opinbera stofnun og gafst henni vinnuna!

**Sigrún:**

Ég man nú ekkert hvernig þetta var með höfundalaunin með Þórarni



en ég fékk ekkert borgað fyrir þetta. Nafns míns var ekki einu sinni getið!

## ***Kraftur í grafíkinni***

### ***Sigprúður:***

Þú útskrifast úr Myndlista- og handíðaskólanum 1977. Ætlaðir þú að læra meira?

### ***Sigrún:***

Já, ég var nú alltaf með það í huga en svo einhvern veginn var svo mikið að gera þannig að það varð aldrei neitt úr því að ég færi í alvörunám til útlanda. Bæði lenti ég í hópi fólks, myndlistamanna og arkitekta, sem leigði sér vinnustofur á Skólavörðustíg þar sem Þjóðviljinn hafði verið til húsa, og svo tók ég þátt í Gallerí Langbrók. En ég fór reyndar til Póllands því þá hafði verið stór og mikil grafíksýning á Kjarvalsstöðum sem mér fannst alveg ótrúlega flott. Pólverjar voru framarlega í grafík. Og þar sá ég myndir sem voru gerðar með aðferðum sem ég hafði ekki lært í Myndlistaskólanum; það var mezzotinta og koparstunga. Mig langaði svo mikið að læra þetta þannig að ég sótti um styrk úr Menningarsjóði sem ég fékk. Ég fór því til Póllands og var gestanemandi í tvo mánuði við akademíurnar; einn mánuð í Varsjá og annan í Kraká.

### ***Sigprúður:***

Og það voru Pólverjar sem skipulögðu þetta nám þitt?

### ***Sigrún:***

Já, ég vissi ekkert hvernig ég ætlaði til Póllands; það var nú ekkert auðvelt að komast þangað. Þetta var fyrir þýðuna miklu, fyrir „Solidarnosc“, en það var pólskt sendiráð hérna og þeir bara ákváðu að skipuleggja þetta fyrir mig, óumbeðnir. Þeir ákváðu að ég ætti að vera einn mánuð í Varsjá og annan í Kraká og komu því þannig fyrir að ég gæti verið þarna við þessar akademíur.

Þetta er mynd þaðan; ég var með ægilega vonda myndavél í þessari ferð og þetta eru voðalega ljótar myndir. Þarna sést aðeins svona mjög áhugasamt fólk sem grúfir sig yfir sýrukerin sem þau stungu plötunum

Í þessi eina sem er í litskrúðugum fötum þarna, hún er dönsk. Það var mjög merkilegt að vera þarna, fannst mér. Þetta eru teikningar sem ég gerði í Póllandi. Þetta er svolítið lýsandi fyrir andrúmsloftið þarna, sveppir og innpakkaðar stytur og svona.

En þetta er mezzotintan sem ég lærði. Það var allt öðruvísi grafikaðferð en ég hafði áður notað. Þá hafði ég mest notað sýru, ætingu, sem sagt að leggja koparplötur í sýru og láta hana éta línur en þessi aðferð byggir á allt öðru. Þetta er allt saman gert með handaflinu. Maður er með koparplötu og byrjar á því að ýfa alla plötuna upp með svona smátenntu verkfæri og hamast á henni í nokkra daga, fram og til baka, og þá er hún orðin þannig að ef maður tekur þrykk af henni þá er hún alveg kolsvört. Svo er slípað aftur niður það sem maður ýfði upp. Þannig að það, sem á að vera hvítast, er mest slípað niður, það sem á að vera grátt, er minna slípað niður. Maður vinnur þetta svolítið eins og maður sé með svartan pappír og hvítan lit.

### **Aðalsteinn:**

Ef við stöldrum aðeins við mezzotintuna. Ég man svo vel eftir þessum tíma og grafíkin kemur sterk inn þarna. Ég man mjög vel eftir því að þessar myndir voru nýstárlegar og þú skarst þig svolítið úr. Heldur þú að það hafi skipt þig miklu máli að hafa lært þessa aðferð?

### **Sigrún:**

Jú, það gerði það. Það var náttúrliga enginn annar að nota þessa aðferð. Það þurfti mikla þolinmæði í þetta. Ég kenndi reyndar mezzotintu einn mánuð í Myndlistaskólanum en það var enginn sem tók þetta upp eftir það eða ég hef ekki séð það. En það er rétt þetta með grafíkina. Þegar ég kom úr Myndlista- og handíðaskólanum var mjög mikill uppgangur í grafík hér á Íslandi. Grafíkfélagið var endurstofnað og þar voru mjög góðir myndlistamenn eins og Ragnheiður Jónsdóttir og Björg Þorsteinsdóttir og Ríkharður Valtingojer. Það var svona kraftur í grafíkinni. Hún seldist alveg heilmikið og það kom mér náttúrliga líka til góða því ég var þarna einhvern veginn á réttum tíma.

### **Sigprúður:**

Þessa mynd þekkjá margir.

**Sigrún:**

Já, þetta er eitt af þessum teikniverkefnum sem ég tók að mér. Ég var mjög hrifin af þessari plötu, „Áfram stelpur“.

**Margrét:**

Ég vek athygli á að móðirin heldur á Andrésblaði.

**Aðalsteinn:**

Og þarna er líka skotthúfa sem við eigum eftir að sjá mikið af seinna.

**Sigrún:**

Já, þarna eru persónur úr mörgum lögum á plötunni „Áfram stelpur“. Þarna er konan sem er að éta valíum í blokkaríbúð og móðirin og gamla konan og hjúkkan sem er svo sæt og fleiri persónur.

**Sigprúður:**

Grafíkin var svoltið pólitísk, var það ekki? Eða, henni var beitt pólitískt, réttara sagt.

**Sigrún:**

Jú, hún var það nefnilega. Það var náttúrulega alveg tilvalið að gera það og hefð fyrir því. Og þessar myndir, þessi pólska grafík-sýning, það var heilmikill boðskapur í þeim myndum. Þetta er póstkort sem ég gerði fyrir rauðsokkurnar árið 1977. Svo er það Gallerí Langbrók. Þar seldi ég grafíkmyndirnar mínar og var í þessum ofsalega fina hópi kvenna sem stofnaði þetta gallerí sem þótti tíðindum sæta því þá var ekki til neitt svona gallerí hérna. Við vorum 12 í upphafi sem byrjuðum og urðum svo fljótlega 14. Þetta voru mest konur sem voru í textíl, svo var ég með grafíkina og svo Kogga; hún var með keramik. Þetta byrjaði á Vitastíg, beint á móti Úðafossi, en svo fluttum við á Torfuna og tókum þátt í endurreisn Torfunnar. Þá vorum við orðnar 24 talsins. Þetta er sýning sem var hluti af Listahátíð 1982. Við fluttum á Torfuna 1980 og vorum í fimm ár þar.

## **Myndirnar eru sögur**

**Sigprúður:**

Ég er hérna með gagnrýni um eina af fyrstu sýningunum þínum þar sem

gagnrýnandinn segir að myndirnar þínar séu „ef til vill nær bóklýsingum en annarri myndlist. Þær eru líka sumar dálítill saga eða hugleiðing og má þar nefna myndina *Hljóp og datt* sem er óvenjulega frumleg.“ Þarna þrýsta sögurnar sér inn í myndirnar þínar eða er sagnakonan að spretta fram?

**Sigrún:**

Já, ég eiginlega kann ekki að skilgreina þetta en þetta voru í rauninni engar sögur, þetta voru bara myndir.

**Aðalsteinn:**

En þú leikur þér samt með textann. Maður sér það líka á eldri myndum eftir þig að þú ert strax farin að leika þér með tungumálið þar?

**Sigrún:**

Já, þetta eru auðvitað sögur!

**Aðalsteinn:**

Þú viðurkennir það?

**Sigrún:**

Já, ég viðurkenni það!

**Sigprúður:**

En þetta eru ekki allt tuskudúkkur á þessari mynd?

**Sigrún:**

Nei, það er ein stelpa þarna líka, hún Eyrún dóttir mín. Og þessar dúkkur í kringum hana, það var svona aukabúgrein. Ég seldi þessar dúkkur í Langbrók. Ég bjó til alveg fullt af þessum dúkkum, það eru örugglega einhverjir sem eiga svona dúkkur ennþá.

Þetta er mynd sem var á kápunni á *Disneyrínum*. Þetta er mynd af Valbjófsstaðahurðinni. Þetta er líka teiknisería. Þarna er riddarinn sem drepur drekann til að bjarga ljóninu. Eftir það fylgir ljónið riddaranum hvert sem hann fer og leggst síðan á leiðið hans, þegar hann deyr, og deyr líka.

**Sigprúður:**

Hvernig var að stíga með annan fótinn inn í Disney-myndheiminn?

**Sigrún:**

Það var bara mjög skemmtilegt. Ég náttúrliga gjörþekkti allar persónur þar, það var auðvelt.

**Aðalsteinn:**

Og svo sækirðu þér efni á Þjóðminjasafnið, hurðina?

**Sigrún:**

Já, ég held að Þórarinn hafi valið þetta á kápuna. Ég held að hann hafi átt hugmyndina að því.

**Sigprúður:**

Það var ekkert algengt að ljóðabækur væru svona mikið myndskreyttar á þessum tíma, er það?

**Sigrún:**

Nei, það var alls ekkert algengt.

Þetta eru Jón Oddur og Jón Bjarni. Ég var nú svo heppin að fá að myndskreyta þá, ekki fyrstu bókina reyndar, en hinar tvær. Og þarna eru líka teikniseríuáhrif.

**Sigprúður:**

Það eru hugsanablöðrur þarna.

**Aðalsteinn:**

Og strigaskórnir, þeir eru þarna líka.

**Sigrún:**

Já, strigaskór. Ég myndskreytti líka bækur eftir Guðrúnu og Magneu frá Kleifum og kannski einhverja fleiri.

**Sigprúður:**

Þarna varst þú nú komin svolítið í stöðu Halldórs Péturssonar. Stór hluti af myndskreyttum barnabókum á þessum árum höfðu myndir eftir þig, ekki satt?

**Sigrún:**

Jú, þangað til ég fór að skrifa sjálf, þá hættu aðrir að biðja mig að teikna í sínar bækur.

**Sigprúður:**

Og síðan eru það annars konar verk sem þú hefur sent frá þér!

**Sigrún:**

Já, þetta er hluti af mínum verkum, það eru börnin mín, Eyrún og Grímur og Kristján. Það skiptir mann heilmiklu máli þegar maður skrifar barnabækur að hafa aðgengi að börnum.

**Sigprúður:**

Við komum kannski nánar að því á eftir en við ætlum að fá tónlistaratriði áður en við tökum hlé. Þeir ætla að stíga hér á svið, þeir Grímur og Kristján Hjörleifssynir. „Verk Sigrúnar Eldjárn“ vildu þeir láta kynna sig en þeir kalla sig „Helvíti góða“. Gjörrið svo vel!

## HLÉ

### *Eyja glerfisksins*

**Sigprúður:**

Nú þekkja náttúrlega allir bækurnar þínar, Sigrún. En það er samt gaman að fá upplestur og þá veljum við þá allra nýjstu til að sem flestir fái að heyra eitthvað sem þeir hafa ekki lesið áður. Og við erum með lesara; Valgerður Jónsdóttir ætlar að lesa fyrir okkur sýnishorn úr *Eyju glerfisksins*.

*Þegar Ýmir opnar augun sér hann allt í móðu. Hann liggur um stund á hliðinni og starir fram fyrir sig. Ég hlýt að vera drukkn-aður? hugsar hann. Einstaka sinnum hefur hann velt því fyrir sér hvernig sé að vera dáinn. Hvernig tilfinningin sé. Það er þá svona. Grænleit birta og einhvern veginn eins og allt sé úr gleri í kringum mann. Brothætt tilfinning. Hann lokar augunum aftur.*

*En þá finnur hann skyndilega að einhver potar í bakið á honum. Hann tekur viðbragð og snýr sér snögg við.*

*Þá sér hann Tuma! Litli drengurinn situr þarna á rassinum og potar í hann með slefblautum fingurinum.*

*„Tumi! Ert þetta þú?“ Ýmir sest hikandi upp. „Hvort ertu*

*lifandi eða dáinn?“*

*„Leika,“ segir Tumi og brosir út um eyrun. Það lítur svo sannarlega ekki út fyrir að hann sé dáinn. Hann er svolítið blautur en alveg greinilega sprelllifandi. Smám saman hallast Ýmir að því að hann sjálfur sé líka á lífi. Honum léttir. Hann er ekki tilbúinn til að deyja nærri því strax! Hann á eftir að gera svo ótal margt. Hann verður enn fegnari þegar hann uppgötvar að taskan hans með teiknidótinu hangir enn á öxlinni á honum. Hún er rök að utan en þegar Ýmir stingur hendinni ofan í hana finnur hann að teikniblokkin og áhöldin eru að mestu leyti þurr. Hann lítur aftur á Tuma.*

*„Af hverju erum við eiginlega hérna? Og hvar eru Sunna María og Gunna?“*

*Ýmir lítur ráðvilltur í kringum sig en kemur hvergi auga á þær. Hins vegar sér hann stóran glugga beint fyrir framan sig. Hinum megin við glerið er vatn og í því synda fiskar. Hvað hefur getað gerst? Hvað varð um bátinn?*

*Ýmir litast ráðalaus um. Hann rissar svolítið í fljótheitum í teikniblokkina sína á meðan hann hugsar málið. Honum finnst gott að hugsa á meðan hann teiknar. Tumi klípur nú í nefið á honum. Hann er að verða órólegur.*

*„Ka Gunna?“, spyr hann stúrin á svip og stingur puttanum upp í sig.*

*„Ég vildi að ég gæti svarað því en ég hef bara ekki hugmynd um hvar hún er,“ svaraði Ýmir um leið og hann stendur á fætur. „En heyrðu mig! Kannstu að tala? Ekki hafði ég hugmynd um það! Af hverju hef ég ekki heyrt þig segja neitt fyrr?“*

*Tumi er nú ekki orðinn nógu flinkur að tala til að geta útskýrt það fyrir honum. En svona er þetta bara. Einhvern tímann verður maður að byrja að tala.*

*„Komdu, við skulum reyna að finna stelpurnar. Þær hljóta að vera hérna einhvers staðar líka?“*

*Ýmir er reyndar ekkert viss um það og dauðhræddur um að þær hafi druknað. Þau stungust alveg í bólakaf og það er ekkert víst að þær hafi komist inn úr vatninu. Þetta var svo hrikalegt! Hann getur varla hugsað um það. Tilfinninguna þegar hann áttaði sig á að hann hafði ekki lengur stjórn á bátnum. Úfff!*

*Hann skilur heldur alls ekki hvernig þeir Tumi hafi komist inn í þetta hús. Eða er þetta ekki annars hús? Ýmir litast um. Alls*

staðar er gler. Bæði fyrir ofan og neðan og allt um kring! Þetta væri í sjálfu sér áhugavert ef hann væri ekki svona óttasleginn. Hann ber ábyrgð á Sunnu Maríu systur sinni, eins og mamma er margbúin að segja. Hvar getur hún verið? Ýmir finnur ískaldan hroll hríslast um sig.

Hann tekur í höndina á Tuma og þeir ganga af stað. Ýmir finnur þó fljótt að þetta er of seinlegt. Tumi er svo stuttfættur. Þeir komast ekkert áfram með þessu móti. Á meðan Ýmir tekur eitt skref þarf Tumi að taka sjö! Hann tekur því drenginn upp og lyftir honum á háhest. Tuma líst mjög vel á þá tilhögun. Hann situr bisperrtur á herðum Ýmis og heldur fast í hárið á honum. Það er frekar sárt fyrir Ými en Tumi tístir af ánægju.

Pegar þeir eru komnir út úr herberginu og hafa gengið nokkur skref heyra þeir hratt fótatak að baki sér. Einhverjir koma hlaupandi á eftir þeim. Hjartað í Ými tekur kipp og hann snarsnýr sér við alveg viss um að þarna séu Sunna María og Gunna á ferð.

En hann verður fyrir vonbrigðum!

### **Sigprúður:**

Þarna ertu búin að senda fjögur börn á hraðbáti á bólakaf ofan í Tjörnina þar sem þau finna aflukta glereyju.

### **Sigrún:**

Já, þetta er svolítið kvikindislegt!

## **Fyrsta bókin**

### **Sigprúður:**

Ég ætlaði að dást að hugmyndafluginu! Og hugmyndaflugið kom eiginlega strax í fyrstu bókinni þinni *Allt í plati*. Af hverju langaði þig þarna til að skrifa bók en ekki bara teikna?

### **Sigrún:**

Ég var búin að vera að myndskreyta bækur og komin inn í þennan heim. Svo var hún Eyrún mín nú fædd og ég hafði verið að lesa bækur fyrir hana. Hún var kannski svolítið lík þessari krulluðu stelpu þarna. Æ, ég vildi bara fá að ráða öllu! Ekkert að vera að hlýða einhverju sem einhverjir aðrir höfðu ákveðið. Þetta eru Eyvindur og Halla í *Allt í plati*.



**Sigprúður:**

Þessi bók kemur fram á tíma þegar ekki er mikið gefið út af íslenskum myndabókum. Myndabækur eru næstum undantekningalaust erlendar samprents­bækur. Teiknimyndasögur eru mjög ráðandi á markaðnum og raunsæis­bækur hafa líka verið áberandi.

**Sigrún:**

Það var verið að kenna börnum svona ýmislegt um lífið og þær voru nú oft ekki mjög skemmtilegar þessar bækur.

**Sigprúður:**

En með fyrstu bók þinni þá ákveður þú að vera skemmtileg? Þú segir það sjálf í viðtölum!

**Sigrún:**

Bækurnar hennar Guðrúnar Helgadóttur voru náttúrlega ægilega skemmtilegar. Hún kom með skemmtilegu bækurnar. En ég ætlaði alla vega ekki að reyna að vera leiðinleg. En þegar þessi bók kom út þá var ég bara að prófa þetta, hvort ég gæti sjálf skrifað söguna. Ég var með ofsalega margar hugmyndir sem þurftu einhvern veginn allar að komast fyrir í þessari bók því ég hélt að það yrði bara þessi eina bók.

**Aðalsteinn:**

Toguðust á í þér þarna myndlistamaðurinn og rithöfundurinn? Þarna ertu að taka þátt í galleríi og öðru en varstu óviss um hvað þú vildir?

**Sigrún:**

Nei, mér fannst ég alltaf vera myndlistamaður og ég er alveg nýbúin að breyta því í símaskránni. Þar stendur núna „mynd- og rithöfundur“. Það stóð alltaf „myndlistamaður“. Þannig að ég legg af stað í mína ferð sem myndlistamaður en svo smám saman urðu myndlistamaðurinn og rithöfundurinn alveg jafnir.

## Allt getur gerst

**Sigprúður:**

Í desember 1980 var tekið við þig viðtal. Greinin heitir „Maður á að leyfa sér að fá fáránlegar hugmyndir“ og þú segir í upphafi: „Ég er orðin leið á þessum raunsæisbókum fyrir börn þar sem allt er svo erfitt. Ég

vildi búa til eitthvað furðulegt ævintýri sem gerðist í Reykjavík. Ég vildi leyfa hugmyndafluginu að leika lausum hala. Það hefur skolið yfir bylgja af ágætis barnabókum þar sem útskýrt er fyrir börnum hvernig er að fara til tannlæknis, hvernig er þegar foreldrar skilja og fleira. Slíkar bækur eru bæði nauðsynlegar og góðar en það er orðið svo mikið af þessu, þetta er orðið svo einhæft. Það má alls ekki gleyma hugmyndafluginu.“ Og hugmyndaflug er orð sem maður gæti notað yfir gjörvallt höfundaverk þitt. Er þetta þín kennisetning?

**Sigrún:**

Ja, ég hef alla vega engan áhuga á að skrifa um þetta sem kom fram. En það er náttúrlega fínt að einhver geri það. En mig langar bara að láta allt mögulegt skrytið gerast. Mér finnst einhvern veginn að það henti mér.

**Margrét:**

Það er annað sem kemur fram í þessu viðtali. Þú segist vilja gera sögu sem gerist í Reykjavík. Það er nýtt líka.

**Sigrún:**

Já, sögur höfðu voða mikið gerst í sveitinni en ég hafði náttúrlega aldrei verið í sveit og var Reykjavíkurbarn og þetta var svona vaxandi stétt. Þannig að mér fannst alveg kjörið að þetta gerðist í Reykjavík. Það eiginlega kom ekkert annað til greina. Og svo gerist þessi fyrsta saga, eins og sést á þessari mynd, í hugsanablöðru. Þetta er eitthvað sem þau ímynda sér þessir krakkar. Ef maður fer inn í svona blöðru þá getur allt gerst.

**Sigprúður:**

Hún gerist eiginlega ekki í Reykjavík, hún gerist *undir* Reykjavík.

**Sigrún:**

Já, líka. Það var til dæmis ekki vitað áður, hvorki að það væru dýr í holræsum Reykjavíkur né að það væru rætur á brunahönum og ljósa-staurum. Þetta var í fyrsta skipti sem það var afhjúpað.

**Margrét:**

Mig langar að dvelja lengur við þessa bók *Allt í plati*. Þegar hún kom út var ég sjö eða átta ára og ég held þetta sé fyrsta bókin sem ég las sem foreldrar mínir vissu ekki hvað var um. Ég hafði lesið fullt af

bókum sem þau höfðu skammtað í mig og þau höfðu náttúrlega lesið fullt fyrir mig. En ég fékk þessa bók, ekki sem afmælis- eða jólagjöf, ég bara fékk hana og las hana og gerði ítrekaðar tilraunir til þess að fá foreldra mína til þess að lesa þessa frábæru bók líka. En þau lásu hana ekki; ég held þeim hafi fundist þetta svolítið rugl. Var það ríkjandi viðhorf fannst þér?

**Sigrún:**

Ég man nú ekki eftir því en þetta er náttúrlega alveg rétt hjá þeim, þetta er tóm rugl! En það er líka það sem það átti að vera.

**Sigprúður:**

Hún er svo hlaðin af atburðum og hugmyndum þessi bók, það er svolítið eins og þú hafir ætlað að skrifa þessa bók og ekki meira?

**Sigrún:**

Já, það var beinlínis þannig. Ég þurfti að koma svo ofsalegu mörgu að og það er eiginlega allt of mikið í henni. Þetta er ekki á eina bók lagt, svona frekar þunna, að innihalda þetta allt saman. En það var einmitt málið; ég hélt að þetta væri bara eina bókinn.

**Sigprúður:**

Það er ekki oft sem það birtist heilsíðu bókmenntafræðileg úttekt á barnabók en þessi grein birtist í desember 1980, grein þar sem bókin er eiginlega tekin öll í sundur og sýnt fram á miklar líkingar við *Hina guðdómlegu kómédíu Dantes* og ýmis fleiri heimsbókmenntaverk.

**Sigrún:**

Já, þetta var mjög merkileg grein og kom mér satt að segja á óvart þegar ég sá hana.

**Sigprúður:**

Höfundur er Þórarinn Eldjárn, vissir þú samt ekki af henni fyrr en hún kom út?

**Sigrún:**

Nei, ég held ekki. Ég held að hann hafi verið enn í Svíþjóð þegar hann skrifaði þetta og sendi þetta í *Þjóðviljann*. Já, þetta er mikil og bókmenntafræðileg úttekt á þessari bók. Þar kemur ýmislegt í ljós sem ég

vissi ekki. Hann er svolítið að gera grín að mér en það er allt í lagi!

**Sigprúður:**

Mér finnst hann meira vera að gera grín að sínu fagi. Á köflum er þessi bók næstum teiknimyndasaga. Hvernig kom hún til þín þessi saga, sem myndir eða sem texti?

**Sigrún:**

Þetta er nú allt samhangandi þetta með textann og myndirnar, þetta gerist samhliða. En þetta eru í rauninni margar sögur. Ein er til dæmis bara lítil saga um kirkjugarða, hvernig sett eru niður kirkjufræ og svo vaxa upp litlar kirkjur og svo verða þær stórar og þegar þær eru orðnar nógu stórar þá eru þær teknar upp með rótum og settar þar sem vantar kirkjur. Þetta er alveg heil saga, þessi blaðsíða. Og bara sögð í myndum. Að vísu er texti með líka en það þarf í rauninni ekki texta með þessari sögu.

**Sigprúður:**

Í viðtalinu, sem við Margrét höfum verið að vísa í, ertu spurð að því hvort það sé erfitt að fá gefna út barnabók og þú svarar: „Mér skilst að það sé ekki erfitt ef höfundur kemur með tilbúið handrit sem er nógu gott.“ Mættir þú bara með handritið?

**Sigrún:**

Þetta gerðist einhvern veginn í gegnum þessar myndskreytingar. Ég var komin inn hjá lðunni og hjá honum Jóhanni Páli, sem ég er komin aftur til núna, og hann var svona jákvæður og vildi gefa þetta út og ég er bara þakklát fyrir það. Fólk hefur yfirleitt gefið út allt sem ég hef komið með! Og þú líka!

**Sigprúður:**

„Iss, það trúir okkur áreiðanlega enginn, hver trúir líka svona sögu?“, eru lokin á þessari bók. En þú hélst áfram þótt þú héldir að þetta yrði þín fyrsta og eina?

**Sigrún:**

Já, ég gerði aðra bók um þau Eyvind og Höllu. Það var *Eins og í sögu* og þar er svona aðeins farið inn í þjóðsögurnar. Þau þurfa að útvega sér hulinhjálmsstein og þá leitaði ég að heimildum um hvernig hann

er búinn til í *Þjóðsögum Jóns Árnasonar*. En svo urðu ekki fleiri bækur um þau. Já, þarna eru þau einmitt að ná sér í hrafnsegg. Á meðan hrafnarnir skreppa í kaffi þá taka þau eggin og sjóða þau og þá verður til svona hulínshjálmssteinn, munið það!

**Aðalsteinn:**

Það er mjög gaman að skoða þessar fyrstu bækur í samhengi við allt höfundaverkið vegna þess að þær gefa sterklega til kynna það sem á eftir kemur. Þú ert strax komin inn á þær slóðir sem þú ætlar að vera. Þú leitar inn í þjóðtrúna og það á eftir að koma sterkar fram seinna.

**Margrét:**

Þarna kemur líka fram fyrsta þjóðbúningakonan og Tjörninn sem snýr svo aftur.

**Sigrún:**

Já, hún er þarna, hún Þjóðhildur, með skotthúfu og í upphlut.

**Sigprúður:**

Eins og ég segi, á þessum árum voru teiknimyndasögur rifnar út í bílförnum. Þú ert snjöll að taka þetta form sem krakkarnir eru ekki bara vanir heldur finnst allra skemmtilegast.

**Sigrún:**

Já, ég nota þetta svona með. Það er líka samfelldur texti og myndir sem eru ekki með svona teikniseriústíl þannig að þetta er svolítið sam-sull af þessu öllu saman. En, eins og kom fram áðan, þá er ég alin upp með Andrési Önd og Asterix og þetta er mér bara svolítið tamt.

**Aðalsteinn:**

En fannst þér koma til greina að vera *bara* með það form í bók? Hvarflaði það að þér?

**Sigrún:**

Já, mér fannst það alveg koma til greina en það er bara svo mikið verk, maður þarf að teikna svo margar myndir. Þannig að þetta varð ofan á og ég er frekar ánægð með að þetta blandaðist svona saman.

## **Myndskreytt og ljóðskreytt**

### **Sigprúður:**

Þarna kemur fram í fyrsta skipti þetta skemmtilega orð, „ljóðskreyta“. Eftir því sem ég best veit, þá funduð þið það upp. Þú varst áður búin að teikna myndir við ljóð Þórarins en þessi kom til ykkar á hinn veginn eða hvað?

### **Sigrún:**

Já, þarna var ég undir áhrifum frá *Benna og Bárú*. Þar eru flípar og eitthvað falið þar á bak við og mig langaði að gera svoleiðis bók fyrir litla krakka. Það er hún Gleymmérei sem gleymir alltaf einhverju. Það kemur fyrst mynd þar sem hana vantar eitthvað og svo flettir maður og þá sér maður það sem hana vantar og svo er hún með það sem hana vantaði og þá er dæmið búið. Ég ætlaði bara að skrifa einfaldan texta með þessu en svo held ég það hafi verið einmitt hann Jóhann Páll forleggjari sem stakk upp á að spyrja Þórarin hvort hann væri tilbúinn að gera vísur sem hann gerði. Þórarinn fann upp þetta orð, „ljóðskreyta“. Ég hafði myndskreytt fyrir hann og nú ljóðskreytti hann fyrir mig. Við höfum gert nokkrar svoleiðis bækur, þetta er sú fyrsta. Þetta voru bara svona línuteikningar og engin litprentun nema þarna á kápunni og börnin hvött til þess að lita myndirnar. Svo kom hún út aftur og næsta mynd er af endurútgefnu bókinni.

### **Sigprúður:**

Svo koma persónur sem áttu sér upphaf í útvarpi og hafa síðan farið á leiksvið.

### **Sigrún:**

Já, langafi og Anna. Langafi er blindur. Af einhverjum ástæðum virðist þetta hafa verið mikið í mínum bókum, krakkar og gamalt fólk saman. Ekki mikið af foreldrakynslóðinni.

### **Sigprúður:**

Af hverju ekki?

### **Sigrún:**

Það er auðveldara að láta gamla fólk að gera eitthvað svona klikkað og

skrýtið. Foreldrar þurfa alltaf að vera svo ábyrgðarfullir og passa upp á að maturinn sé til og svona. Það er bara ekkert spennandi. Mér finnst miklu skemmtilegra að búa til einhver gamalmenni sem eru kannski orðin börn í annað sinn ef þau hafa þá einhver tímann hætt að vera það. Og langafi er dæmi um það. Hann er til dæmis þarna að búa til drullukökur.

**Aðalsteinn:**

Það er gaman að rýna aðeins í dómana. Ég ætla að vitna héra í einn ritdóm um bækurnar um langafa. Hann segir ýmislegt um það hvernig barnabækur voru stundum ritdæmdar. Hér segir: „Ég trúí smáfólkið hafi nokkurt gaman að þessari óvenjulegu smábarnasögu ef hún er lesin með réttu hugarfari og samtvinnuð myndunum“. Kannski sérkennilegt af því texti og myndir spila verulega vel saman í þessari bók.

**Sigprúður:**

Annað sem maður tekur eftir þegar maður skoðar dóma um þessar fyrstu bækur er hvað þeir eru margir. *Langafi þrakkari* fær að minnsta kosti þrjá ritdóma í blöðum. Er þetta ekki svolítið breytt?

**Sigrún:**

Jú, ritdómarar hafa verið svona frekar tregir upp á síðkastið til að birta dóma um barnabækur. Þeir eru oft voðalega stuttir og hráir. Og svo hefur loðað við lengi að myndirnar eru svolítið aukaatriði. Þetta er að vísu mismunandi eftir gagnrýnendum en þeir afgreiða oft myndirnar mjög fljótt, oft bara með einni setningu.

**Aðalsteinn:**

Finnst þér það ekkert erfitt? Af því þú lítur á þig jafnt sem myndhöfund og textahöfund og það er einmitt frekar lítið sagt um myndirnar og oft eitthvað sérkennilegt?

**Sigrún:**

Nei, mér finnst það ekkert erfitt, mér finnst það bara skrýtið. Ég held það sé erfiðara fyrir þann sem er bara að myndskreyta bækur sem einhver annar hefur skrifað og hefur kannski lagt á sig jafn mikið og sá sem skrifaði textann eða meira og fær svo bara eina setningu í lok dómsins. En það truflar mig ekkert rosalega.

**Sigprúður:**

Næst kom geimveran Bétveir. *Bétveir*, *Bétveir* hét fyrsta bókin. Þetta er eiginlega áróðursrit fyrir bóklestri?

**Sigrún:**

Já, hún er það. Bétveir býr á hnetti þar sem eru engar bækur og hann hefur séð það í kíkinum sínum, þegar hann kíkir niður á jörðina, að fólk er með einhver blöð sem eru föst saman öðrum megin og fólkíð virðist skemmta sér vel, þannig að hann kemur sérstaka ferð til jarðarinnar til þess að kynna sér þetta.

**Sigprúður:**

Og hittir þessa konu sem stundum skrifar bækur?

**Sigrún:**

Já, hann hittir nú aðallega þessa þrjá krakka. Þau eru að kynna fyrir honum hvað bækur eru og fara með hann til þessarar konu en konan situr þarna og nagar blýant og hefur ekki fengið neinar hugmyndir. En svo, um leið og þau eru farin fram hjá, fær hún hugmynd. Eftir það eltir hún þau og liggur í leyni og teiknar og skrifar hjá sér. Svo í lok bókarinnar, þegar Bétveir er að fara aftur heim og er búinn að læra að lesa og kynnast þessum bókum, þá afhendir hún honum þessa bók, bókina um Bétvo.

**Sigprúður:**

Þú fékkst Barnabókaverðlaun Reykjavíkur í fyrsta skipti fyrir Bétvo. Skiptir það þig einhverju máli?

**Sigrún:**

Já, það skiptir allt máli. Það er staðfesting á því að maður sé að gera eitthvað sem vit er í og hjálpar manni að halda áfram.

**Aðalsteinn:**

Það er alla vega auðvelt að álykta það, af því sem á eftir kemur, af því þá ferðu eiginlega bara á flug. Það kemur bara ný bók á nánast hverju ári þannig að það hlýtur að hafa skipt miklu máli?

**Sigrún:**

Já, ég fékk góðar móttökur og það skipti mig miklu máli. Auðvitað



hefði ég ekkert haldið áfram ef ég hefði fengið vonða dóma og engin verðlaun, það gefur auga leið!

Þessi mynd er frá Arnarstapa. Arnarstapi kemur inn í eina söguna um Kugg og Málfríði. Það er svona ýmislegt sem hefur áhrif á mann. Við fjölskyldan eigum, ásamt öðru fólki, hús á Arnarstapa og erum þar heilmikið og höfum verið þar gegnum árin. Allt svona í kringum mann hefur áhrif og kemur inn í sögurnar. Þarna eru Málfríður og mamma hennar að síga niður í ritubjargið.

### **Sigprúður:**

Hvaðan koma þessar makalausú persónur, gamlingjarnir Málfríður og mamma hennar?

### **Sigrún:**

Þetta byrjar með því að Kuggur flytur í annað hverfi. Hann átti heima í hverfi þar sem var fullt af krökkum, svo flytur hann í eitthvað gamalt hverfi og þar eru bara engir krakkar en þar kynnist hann Málfríði, þessari gömlu kerlingu. Málfríður kynnir hann svo fyrir mömmu sinni sem er auðvitað ennþá eldri. Og það er eiginlega engin skýring á þessu, þetta gerist bara.

### **Aðalsteinn:**

Ég man ekki eftir að hafa lesið þessar bækur með börnum án þess að þau hafi spurt: „En mamman, heitir hún ekki einhverju nafni?“ Ef það væri barn hér í salnum, myndi það örugglega vilja spyrja þeirrar spurningar. Ég ætla að gera það líka! Hvað heitir mamma Málfríðar eða heitir hún ekki neitt?

### **Sigrún:**

Jú, hún heitir auðvitað eitthvað en ég veit ekki hvað hún heitir!

### **Margrét:**

En það er eins og mig rámi í að askur á Þjóðminjasafninu hafi verið merktur henni og var áletrunin ekki bara „Mamma Málfríðar“?

### **Sigrún:**

Jú, ég held það. Ég man ekki eftir neinu nafni á hana. Ef ég hef látið

hana heita eitthvað þá er ég búin að gleyma því. Ég þarf að fara að lesa þessa sögu og rifja þetta upp. En þetta er bara eins og börn kalla mömmu sína bara „mömmu“ og Málfríður gerir það, þótt það sé í rauninni starfsheiti en ekki nafn.

### **Sigprúður:**

Þessar persónur, þær koma aftur og aftur. Fyrstu bækurnar um Kugg og mæðgurnar koma 1987, 1988 og 1989 og síðan koma fleiri sögur á tíunda áratugnum. Margar af nýjustu bókunum þínum koma inn á þessa fjölskyldu líka. Er þetta skemmtilegt fólk?

### **Sigrún:**

Já, þegar ég var búin að gera þessar þrjár bækur, fór ég að skrifa um eitthvað annað en þær sóttu á mig og vildu koma aftur, Málfríður og mamma hennar, og ég held þær muni bara halda áfram að fylgja mér það sem eftir er.

Í einni sögunni fara þau á Þjóðminjasafnið, Kuggur og þær mæðgur. Það er, held ég, eina sagan þar sem foreldrar Kuggs koma fyrir líka; þau fara með í þessa ferð á Þjóðminjasafnið. Og þetta er sem sagt þetta kuml, Hafurbjarnarkuml held ég það heiti. Það er beinagrind af konu sem var alltaf í skáp fremst í Þjóðminjasafninu. Hún er líka á nýju sýningunni. Ég var einu sinni send inn í þennan skáp; pabbi sendi mig inn í skápinn til þess að ná í næluna sem liggur þarna á brjósti hennar því hann þurfti eitthvað að skoða hana betur. Ég þurfti að tipla á fjöru-grjótinu þarna og ná í næluna. Og í þessari sögu fer einmitt mamma Málfríðar inn í þennan skáp.

### **Sigprúður:**

En hún var ekki send þangað?

### **Sigrún:**

Nei, hún stalst! Það var einmitt eitthvað í sambandi við þennan ask á Þjóðminjasafninu. Hún ætlaði að taka hann en það er náttúrulega bannað. Það má ekki snerta munina á Þjóðminjasafninu. Það var alltaf svona skilti: „Enginn má snerta á nokkrum hlut án leyfis“. En hún gerði það sem er náttúrulega alveg hræðilegt.

## ***Það sem er skemmtilegt***

### ***Sigprúður:***

Í næstu bók ferðu aftur út í geiminn og þegar maður lítur yfir titlaskrána þína þá sér maður að þú skrifar mjög oft um hluti sem börnum finnst ofsalega spennandi en kannski ekki endilega fullorðnum; geimverur, dreka, beinagrindur, leynifélög, skrímsli.

### ***Sigrún:***

Já, ég er náttúrliga að skrifa bækur fyrir börn þannig að ég reyni að finna út hvað þeim finnst skemmtilegt. En ég er fyrst og fremst að skrifa um eitthvað sem mér finnst sjálfri skemmtilegt. Ég læt það nú bara alltaf ráða. En það vill kannski svo heppilega til að það er eitthvað sem krakkar hafa líka gaman af. Þetta er sem sagt hin bókin um Bétvo. Hún gerist á hans stjörnu sem heitir Bláber.

### ***Margrét:***

Já, þarna eru myndir úr þessari bók. Ég hef aðeins stúderað frásagnatækni í myndabókum og mér hefur alltaf fundist þín verk svo brílljant. Mér hefur alltaf fundist þú nota þetta frásagnarform svo meðvitað. Á þessari mynd til dæmis: Þetta er heil reikistjarna og þessi persóna býr á henni og er búin að stela öllu þessu dóti og þau ráðast inn og eru svona pínulítill og komast öll upp í munninn á henni. Svo í lokin þegar þau eru búin að binda hana þá eru þau svona stór og skrímslið svona lítið. Og ég spurði þig hvar þú hefðir lært þetta og hvað sagðirðu þá?

### ***Sigrún:***

Ég náttúrliga lærði þetta ekki neitt. Ég lærði aldrei að myndskreyta barnabækur. Mér fannst þetta bara eiga að vera svona. Þau koma þarna og lenda á bakinu á henni Groddu og hún er ógnvekjandi og stór og þau eru lítill. Þau þurfa að sigrast á þessari situásjón og binda hana og ná tökum á henni. Og þarna er hún alveg hætt að vera hættuleg. En ég hef ekkert lært þetta nema bara með reynslunni og með því að horfa í kringum mig. Svona er þetta bara. Þetta sem er stórt og hættulegt; þegar maður er búinn að sigrast á því, þá verður það bara lítið. Svona er bara lífið!

### ***Sigprúður:***

Þarna ertu komin í sjónvarp?

**Sigrún:**

Já, þetta er úr *Jóladagatalinu 1991* og hefur verið endursýnt tvisvar síðan, ég held bara í fyrra síðast. Þá var það nú kannski orðið svolítið gamaldags. Í einum þættinum fara þau á Þjóðminjasafnið og sá þáttur er góður heimildarþáttur um hvernig safnið var. En maður notfærir sér auðvitað bara það sem maður kann og veit.

**Aðalsteinn:**

Skrifaðir þú þetta fyrst sem sjónvarpsefni og varð það síðan að bók, eða gerðist þetta jafnóðum?

**Sigrún:**

Eiginlega bara jafnóðum. Ég var fyrst og fremst beðin að gera *Jóladagatalið* og bjó til nokkurs konar ratleik; þau fara á ýmsa staði út um allan bæ, í hinar og þessar stofnanir og verksmiðjur. Það var skemmtilegt að horfa á þetta aftur í fyrra, að fara á staði sem margir höfðu breyst heilmikið.

**Aðalsteinn:**

Kveikti þetta í þér löngun til að skrifa meira fyrir sjónvarp eða svið eða eitthvað annað form?

**Sigrún:**

Nei, ekkert sérstaklega. Þá þarf maður að fara að vinna með öðru fólki og það er svo mikið vesen! Það er langbest að gera bara allt sjálfur! Nei, ég hef ekkert fundið neina sérstaka þörf fyrir það. En það var samt mjög gaman að gera þetta verkefni.

**Sigprúður:**

En talandi um að vinna með öðru fólki. Með sumu fólki hefur þú unnið býsna mikið. *Óðfluga* kom út 1991 og síðan hafa komið út all margar bækur sem þið Þórarinn hafið unnið saman. Í viðtali, sem var tekið við þig í fyrra, ertu spurð um þetta samstarf og þú segir: „Eitt af mínum fyrstu verkefnum var að myndskreyta ljóðabók eftir bróður minn en síðan höfum við gert sex bækur; fjórar sem ég hef myndskreytt fyrir hann og tvær bækur sem hann hefur ljóðskreytt. Sú samvinna gengur líka mjög vel, við þurfum lítið að funda“.

**Sigrún:**

Já, það er alveg satt, þetta gengur voðalega vel og í flestum tilfellum

skiljum við hvort annað án þess að þurfa mikið að funda. Það er mjög þægilegt, ég kann vel við svoleiðis samstarf.

**Sigprúður:**

Vinnið þið þetta að einhverju leyti í sameiningu eða hvort í sínu lagi?

**Sigrún:**

Það er eiginlega mest hvort í sínu lagi. Til dæmis í *Óðflugu*, þar sem Þórarinn gerði ljóðin, þá sendi hann mér þau um leið og þau voru tilbúin og ég rissaði eitthvað. Og svo sýndi ég honum þetta áður en ég fullvann myndirnar. Stundum hefur hann verið með einhverja ákveðna hugmynd en oftast hefur hann bara leyft mér að ráða þessu og þetta bara gengur alveg ægilega vel.

Þetta er svona dæmi um hina leiðina þar sem Þórarinn ljóðskreytir. Þetta er stafrófskver og þá þurfti kannski aðeins meiri samvinnu því þá rissaði ég myndirnar og svo gerði hann vísurnar og svo þurfti ég kannski að breyta eitthvað eftir að vísurnar voru komnar svo þetta passaði allt saman. En það gekk líka bara mjög vel.

**Sigprúður:**

„Sól skín á krakka“, þetta var verkefni sem þú tókst að þér eftir pöntun?

**Sigrún:**

Já, ég hef nú ekki mikið gert af því og finnst skemmtilegra að vinna verkefni sem ekki eru gerð eftir pöntun. En Rauða krossinn langaði að fá sögu um stelpu sem fer til Afríku og kynnist kjörum krakka þar.

**Sigprúður:**

Í framhaldi af þessu fara að birtast krakkar af öllum kynþáttum í bókunum þínum. Setti þetta verkefni slíkar hugsanir af stað hjá þér?

**Sigrún:**

Nei, ég held það hafi frekar verið vegna þess að það hefur orðið auðugri litaskalinn í húðlit barna á Íslandi. Börnin mín voru í Austurbæjar-skólanum sem er núna með sérstakt fjölmenningsprógramm. Þar er mikið af krökkum sem eru af erlendu bergi brotin og þetta var bara eðlilegt.

**Sigprúður:**

Það leið samt langur tími frá því þú byrjaðir á þessu þangað til aðrir gerðu það.

**Sigrún:**

Ég veit ekki af hverju það var, þeir voru bara svona lengi að fatta!

## Lengri sögur

**Sigprúður:**

Síðan kemur fyrsta lengri skáldsagan þín fyrir börn?

**Sigrún:**

Já, það eru þessar þrjár bækur um leynifélagið Beinagrindina. Ég hafði verið að gera bækur þar sem myndir voru stór partur af þessu öllu saman og þarna langaði mig að gera lengri texta. Þetta eru svona sakamálasögur um Beinagrindina, þrjár bækur. En það er líka fullt af myndum í þeim.

**Aðalsteinn:**

Heldurðu að þú hafir ekki notið þess í þínum skrifum að þú átt þrjú börn og að það eru nokkuð mörg ár á milli þeirra í aldri? Heldurðu að það hafi orðið til þess að þú fórst að skrifa líka lengri sögur að þú ert með börn á mismunandi aldri?

**Sigrún:**

Já, það getur vel verið. En það varð nú samt ekki til þess að ég færi að skrifa neinar svona unglingsögur né fullorðinssögur. Því nú eru þau orðin fullorðin, börnin mín!

**Aðalsteinn:**

Heldurðu að þú eigir eftir að prófa það?

**Sigrún:**

Nei, ég er mjög sátt við að skrifa barnabækur en þetta að eiga börn á barnabókaldri skiptir töluvert miklu máli. Ég gat mátað þetta allt saman við þau og þau lesa enn yfir allt sem ég geri. Ég birti ekki neitt sem þau hafa ekki samþykkt.

**Sigprúður:**

Og mótmæla þau?

**Sigrún:**

Já, þau gera stundum athugasemdir og líka Hjörleifur, eiginmaður minn, hann les þetta allt saman líka. Það er mikil hjálp í þessu öllu saman og hvatning.

**Aðalsteinn:**

Þannig að þú býrð að góðri heimastjórn þó að þú viljir ráða?

**Sigrún:**

Ég ræð náttúrulega alveg en það er fínt að fá svona tillögur.

**Sigprúður:**

Þarna ertu úti í skógi, ævintýraskógi eða hvað?

**Sigrún:**

Þetta var í Hallormsstaðaskógi og þeir fengu skáld og rithöfunda til að koma og skrifa eitthvað sem var síðan sett upp í skóginum. Þá bjó ég til söguna *Kynlegur kvistur á grænni grein* þar sem sögupersónurnar Harpa og Hrói komu fyrst fyrir. Ég skrifaði síðan tvær aðrar bækur um þau. Og ég gerði myndir sem voru settar upp í skóginum. Það var búin til svona bók úr tré og ég er að lesa söguna í henni á þessari mynd. Þetta var ægilega gaman.

**Sigprúður:**

Tímaflakk?

**Sigrún:**

Já, það er bara eitthvað sem allir rithöfundar þurfa að prófa að fást við. Þetta er í svipuðum dúr og bækurnar um Beinagrindina. Það er langur texti en mikið af myndum líka. Þarna var ég að prófa að klippa út úr tímaritum og nota í bakgrunn. Ég setti tannhjól í bakgrunn, ég var að gera smá tilraunir, að gera öðruvísi myndir. Teitur tímaflakkari fer bæði fram og aftur í tímann þannig að ég þurfti að ákveða hvernig fólk talar í framtíðinni. Það talar ennþá íslensku en svolítið öðruvísi; ég þurfti að búa til nýja íslensku.

## Allt fer vel að lokum

### **Sigprúður:**

Þótt þú sért alltaf með grínið og glensið framarlega í þínum bókum þá veigrar þú þér ekkert við að láta hræðilega hluti gerast. Ég veit til dæmis að ritstjórinn þinn reyndi að fá þig ofan af því að láta geim-eðlurnar éta litlu systur Teits en þú varst algjörlega ófáanleg til þess.

### **Sigrún:**

Já, það verður að vera einhver svolítill háski í þessu ef þetta fer vel að lokum. Þegar maður er að skrifa barnabók þá þarf sagan að enda vel; það er eiginlega skilyrði. Maður þarf að snúa sér að fullorðinsbókum ef maður ætlar að fara ofan af því.

### **Sigprúður:**

Í *Draugasúpunni* ertu að leika þér með klassísk ævintýri. Þú ert eiginlega að vísa til þeirra mjög markvisst.

### **Sigrún:**

*Draugasúpan* byggir á Rauðhettusögunni. Hún Harpa er að fara til frænku sinnar, sem heitir Hrollfríður, með köku og vín í körfu gegnum skóginn. Hann Hrói fer með henni og hann er voðalega hræddur alltaf. Þau finna pott sem þau eru að safna í draugasúpu og á leiðinni hitta þau úlfinn, hann slæst svo í för með þeim og þau hitta fleira fólk. En já, Rauðhetta svífur þarna yfir vötnum.

### **Margrét:**

Það er mjög oft sem myndirnar gera þá kröfu að lesendur *lesi* þær en ekki bara textann. Það hefurðu gert til dæmis með innkaupalistum og listum yfir hitt og þetta og skiltum í bókunum þínum og hérna er dæmi um það.

### **Sigrún:**

Já, myndirnar skipta alveg jafn miklu máli og textinn. Það er eiginlega ekki alveg nóg að lesa söguna og sjá ekki myndirnar. Þetta skilti er svolítið misvísandi skilti en þau ráða fram úr því með því að skipta liði. Og það er úlfurinn sem fer aðra leið, eins og gerist líka í Rauðhettu. Hann fer styttri leið til ömmunnar. Þetta er mín útgáfa á því.



**Sigprúður:**

Þetta er fyrsta bókin í þrileiknum *Týndu augun*, *Frosnu tærnar* og *Steinhjartað*. Foreldrar hafa verið fjarverandi í bókunum þínum fram að þessu en þarna er annað foreldrið nýlátíð og hitt í mikilli sorg sem dæmir þau fullkomlega úr leik.

**Sigrún:**

Já, þau voru eiginlega nauðsynleg til að starta sögunni. En í þessari sögu þá er hluti af sögunni bréf sem hún Stína skrifar þessari nýlátnu móður sinni. Hún skrifar í svona dagbók og það eru bréf til hennar þannig að mamman skiptir þarna máli líka. Þarna fór ég að skrifa ennþá lengri texta en er í Beinagrindarbókunum og Tímaflakksbókunum, því mig langaði að gera svolítið þykka bók. En samt er fullt af myndum, það eru miklu fleiri myndir heldur en ég ætlaði mér upphaflega að hafa. En ég gat bara ekki haft svona fáar myndir.

**Aðalsteinn:**

Þýðir þetta að þú ert að vinna þig í áttina að því að skrifa bók sem er ekki með myndum, svona ómeðvitað eða meðvitað?

**Sigrún:**

Nei, ég ætla aldrei að skrifa bók sem er ekki með myndum!

**Margrét:**

Þessar myndir minna svolítið á myndirnar í fyrstu bókunum þínum þar sem tæknilega var bara hægt að hafa einn lit en þarna gerir þú það meðvitað að hafa litina mjög dempaða?

**Sigrún:**

Í fyrstu bókunum, eins og til dæmis *Allt í plati* og *Eins og í sögu*, fékk ég að hafa einn aukalit. Ég hafði blátt í þeirri fyrri og rautt í hinni og þurfti að útfæra hann á sér blöðum. Þarna er teiknistíllinn svipaður að því leyti að þetta eru blýantsteikningar og vatnslitir í. Það er alveg rétt, þarna fer ég svolítið í það sama og var í fyrstu bókunum.

## **Göngin opna nýjar víddir**

### **Sigprúður:**

Þessi systkin í bókunum eru ekki bara að glíma við mikla sorg og erfiðar aðstæður heldur eru þau meira og minna hlaupandi um neðanjarðar. Hvernig eigum við að skilja það?

### **Sigrún:**

Svona göng eru alltaf vinsæl í sögum. Var ekki fullt af göngum í sögunum hjá Enid Blyton, í Ævintýrabókunum og þessu öllu saman? Ég held það hafi bara nýst fólki vel að hafa göng, þau opna nýjar víddir.

### **Gestur í sal:**

Eru þetta ekki áhrif frá fornleifafræðingnum, föður þínum?

### **Sigrún:**

Jú, kannski! Já, það er svona ýmislegt sem kallar á göng.

### **Sigprúður:**

*Steinhjartað* gerist á suðrænum slóðum. Söguhetjurnar fara inn í uppþvottavél, í gegnum göng og enda á suðrænum slóðum?

### **Sigrún:**

Það eru þrenn göng í þessum bókum. Þetta eru þrjár bækur og göng sem greinast í þrennt og þau fara alltaf á nýjan og nýjan stað, um ný og ný göng. Þessi þriðju göng, þau byrja í uppþvottavélinni, það er alveg rétt.

Ég fór aldrei í framhaldsnámið sem ég ætlaði í, þannig að ég lagði mikið upp úr því að fara svona hingað og þangað til útlanda og vinna á vinnustofum. Við fórum fjölskyldan og vorum í Jónshúsi og eftir það fórum við á Sveaborg, sem er rétt fyrir utan Helsinki. Þar er fullt af göngum og þar byrjaði ég að mála, á Sveaborg.

Það er líka vinnustofa í Róm og ég var þar. Þetta suðræna er líklega komið þaðan, bæði litirnir og latínan sem reyndar rataði líka inn í málverkin. Já, það er kannski hægt að segja að myndirnar í *Steinhjartanu* séu ættaðar frá Róm.

Svo er það Japan, þangað fór ég tvisvar. Í fyrra skiptið fékk ég vinnustofu, þá var ég að vinna við pappír. Þessi jurtt, sem ég er að skoða svona mikið þarna heitir „koso“ ef ég man rétt, og það er búinn til pappír úr henni. Ekki reyndar úr blöðunum heldur úr berkinum eða einhverju lagi fyrir innan börkinn. Ég var þarna í nokkrar vikur. Þetta er útsýnið úr vinnustofunni minni þar sem var hvorki borð né stóll heldur bara svona „tatami“-mottur. Ég þurfti að skrifa um og búa til myndir. Þetta kom aðeins inn í málverkin mín líka. Þarna er ég að búa til pappír. Þarna er peysufatakona í japönskum garði sem er svona sandgarður þar sem eru rakaðar svona rákir í. Maður á að sitja og hugleiða og horfa á hið fullkomna jafnvægi milli steinanna og rákanna í sandinum og þessi peysufatakona er að gera það. Svo kom þetta líka inn í bók.

Þetta er líka úr *Steinhjartanu*. Þetta er sem sagt japanska og söguhetjurnar finna þessa tvo miða sem passa saman og þurfa síðan að finna út hvað þetta þýðir. Og þau þurfa að leita uppi japanska konu sem er á næstu mynd. Þarna er japanska konan. Hún lítur á miðann og þetta er svo hræðilega ljótt og dónalegt sem stendur á miðanum að hún vill ekki lesa það þannig að þau þurfa að finna út úr þessu sjálf. Þau fara í Þjóðarbókhlöðuna þar sem börn mega ekki vera þannig að þau fá ekki að fara þangað inn en hitta róna fyrir utan sem má fara inn og hann finnur út fyrir þau hvað þetta þýðir. Það kemur þarna á næstu mynd. En þegar maður þarf að skrifa svona þá leitar maður í sarpinum sínum.

### **Sigprúður:**

Þarna nefnirðu mörg dæmi um bein áhrif veru þinnar á einhverjum ákveðnum stað í heiminum inn í bæði myndlist og bækur. Gengur þú með skissublokk á þér? Safnar þú markvisst hugmyndum í sarpinn?

### **Sigrún:**

Já, alltaf þegar ég fer til útlanda, alveg sama hvert ég fer, þá hef ég með mér bók sem ég bæði skrifa og lími inn í. Ég á alveg helling af svoleiðis bókum. Já, ég er alltaf að safna í sarpinn, það er heilmikið í honum ennþá sem ég á eftir að nota.

### **Aðalsteinn:**

Í trílógíunni notar þú mikið af uppsöfnuðu efni. Varstu ákveðin að þetta yrði trílógía þegar þú byrjaðir á henni?

**Sigrún:**

Já, ég var ákveðin í því. Það kom þegar þau fóru fyrst ofan í jörðina og göngin greindust í þrennt, þá varð það augljóst að þetta yrðu þrjár bækur. *Beinagrindin* er líka þrjár bækur, þetta er nú bara svona klassískt að gera þrjár bækur. Og *Teitur tímaflakkar* er líka þrjár bækur.

Ég fer oft til Stokkhólms líka því hún Eyrún dóttir mín er þar í námi. Þarna er ég aðeins að kíkja í bók. Þetta er Astrid Lindgren og hún heldur á bók og ég er að kíkja á hvað hún er að gera.

**Sigprúður:**

Svo kom þriðja Kuggs-skeiðið. Þú ert alltaf að snúa hlutunum við. Þarna er síðhæður prins fastur uppi í turni og Málfríður og mamma hennar að bjarga honum.

**Sigrún:**

Já, hann var búinn að bíða í 60 ár eftir að þær kæmu að bjarga sér. Hann var orðinn alveg sköllóttur og bara með einn lokk sem hann var búinn að safna svo hún gæti bjargað honum. Já, þessi Kuggshrína var svolítill endurvinnsla á gömlu bókunum. Þessar gömlu voru fjórar til fimm sögur í hverri bók og svo gerði ég minni bækur þar sem var bara ein saga í hverri bók og meiri myndskreytingar. Og þetta eru allt saman myndir úr þeim.

**Sigprúður:**

Og þarna eru geimverur og drekar og skrímsli?

**Sigrún:**

Já, geimvera sem vill endilega pilsíð hennar Málfríðar. Og þetta er hann Mosi.

**Sigprúður:**

Svo gerðir þú nýja Kuggsbók, það var næstum eftir pöntun, þú varst alla vega að uppfylla þörf?

**Sigrún:**

Já, það var kona sem sagði að það vantaði svo mikið barnabækur um þorrann og þorrablót. Hún var að stinga þessu að mér hvort ég vildi ekki gera svona bók. Ég held að hún hafi ætlast til að það væri alls

konar fræðsla í henni en ég gerði bók um þorrablót og það er engin fræðsla í henni. Það er reyndar mynd af matnum; ég sé að það er allt of mikill mör í blóðmörnum og lifrarpylsunni! Þetta er óhollt! En þetta er voða lítil fræðsla, meira svona sprell.

**Sigprúður:**

Og þá erum við komin að þínum nýjustu bókum. Þarna ertu aftur að hefja þrileik?

**Sigrún:**

Já; *Eyja gullormsins* og *Eyja glerfisksins*, ég er búin með tvær og byrjuð á þriðju. Þarna er ég líka að prófa nýtt í myndskreytingunum. Ég ákvað að strákurinn, hann Ýmir sem er 13 ára, ætti að teikna myndirnar í þessa bók. Hann er listamaður og hefur ofsalega gaman af því að teikna og er alltaf með blokk með sér og liti og penna. Allar myndirnar í bókinni eru eftir hann. Þær eru svolítið í þessum „manga“-stíl, sem er úr japanskri teikniseríu sem er afskaplega vinsæl. Þar eru til dæmis svona svolítið sérstök augu.

Ég skoðaði svolítið þessar „manga“-seríur. Það er þetta með hárið; það er alltaf í strimlum eins og sést þarna og svo eru það augun. En þetta var mjög skemmtilegt að gera svona, að vera ekki alltaf að gera það sama.

**Sigprúður:**

Í kaflanum sem var lesinn hérna áðan þá sagði Ýmir að það væri gott að hugsa meðan maður teiknar. Hugsar þú meðan þú teiknar?

**Sigrún:**

Já, og teikna meðan ég hugsa. Þetta er einmitt úr kaflanum sem hún var að lesa. Þetta eru Ýmir og Tumi og þarna líta þeir við. Þetta er í þessum „manga“-sögum. Það kemur svona rammi þar sem maður sér bara augun, þegar augun sjá eitthvað merkilegt.

## ***Vísanir í aðra listamenn***

**Sigprúður:**

Þetta er önnur af tveimur bókum sem þú sendir frá þér í fyrra, *Gula*

sendibréfið. Þarna ferð þú út í hraun með Kjarval?

**Sigrún:**

Já, þessi gerist heilmikið í hrauninu. Ef maður ætlar að teikna hraun þá er langbest að skoða Kjarvalsmálverk og þess vegna stúderaði ég þau. Ég uppgötvaði, sem ég hafði náttúrulega séð áður, að það er svo mikið munstur í málverkunum hans, mikil teikning með fingerðum penslum. Ég var bara að stæla Kjarval í þessu því honum hafði tekist svo vel að gera hraun. Já, ef einhver er búinn að fatta hvernig á að gera þetta þá er um að gera að notfæra sér það!

**Sigprúður:**

Og þarna er ósýnilegur drengur eins og í „Todda í tveimur löndum“?

**Sigrún:**

Já, þetta er ósýnilegur drengur, ósýnilegur vinur. Það þurfti að bjarga málunum því það er svo erfitt að gera mynd af ósýnilegum vin að hann er klæddur þarna í föt. Já, það var líka í Todda það er rétt. Þetta endurtekur sig allt saman.

**Sigprúður:**

Þarna ertu líka að vísa í annan listamann.

**Sigrún:**

Já, ég hef mikið gert þetta. Það var náttúrulega Rauðhetta í einni sögunni og svo hraunið hans Kjarvals og þetta er mynd úr einni af ljóðabókunum hans Þórarins, úr *Heimskringlu*, held ég. Þar er ljóð um Grýlu og Leppalúða þar sem þau eru búin að koma frá sér börnunum og fara í nám í Háskólanum í uppeldis- og kennslufræði. Halldór Pétursson var náttúrulega búinn að gera mynd af Grýlu og þetta er bara sama Grýlan, Grýla er svona. Ég gat ekkert farið að búa til nýja Grýlu. Í einhverjum ritdómi um þessa bók var tekið fram að Grýlan hennar Sigrúnar væri ótrúlega lík Grýlunni í *Vísnaþókinni*. Það er eins og það sé eitthvað gruggugt við það en þetta er bara sama Grýlan. Hún heldur bara á skólatösku í staðinn fyrir poka.

Þetta er ljóð eftir Þórarin þar sem Þorgeirsboli kemur fyrir og það var líka til mynd af honum. Það er málverkið hans Jóns Stefánssonar, málverkið af Þorgeirsbola.

**Sigprúður:**

Er gaman að sækja part úr annarri mynd og splæsa saman við sína eigin?

**Sigrún:**

Já, það er lúmskt gaman, ég hugsa að ég muni halda því áfram. Og líka með sögurnar, þetta með Rauðhettu, ég get alveg hugsað mér að gera nýja sögu með Búkollu eða eitthvað svoleiðis. Er hún ekki enn á lífi annars?

**Sigprúður:**

Það hlýtur að vera!

**Sigrún:**

Og þessar síðustu myndir eru úr nýjustu bókinni okkar Þórarins, *Gætur, fætur og þvætur*. Þetta er hann Jónas litli og þetta er líka úr *Vísnaþórinni* af því ljóðið byrjar á tilvitnun í vísuna „Buxur, vesti, brók og skór“ og í *Vísnaþórinni* er teikning eftir Halldór Pétursson þar sem strákur er í þessum sömu fötum.

**Sigprúður:**

Þú ert með þrjár nýjar bækur í ár: *Eyju glerfisksins*, *Gætur, fætur og þvætur* í félagi við Þórarin og *Tíu litla kenjakrakka*, líka með Þórnari.

**Sigrún:**

Já, þessi síðasta, hún varð til á mjög skömmum tíma. Það var þessi negrastrákaumræða öll sem var mikið fár um herna. Mér fannst alveg tilvalið að búa til nýja bók sem væri örugglega leyfð fyrir alla krakka, sem passaði betur við heiminn í dag, því hin er kannski ekki sérstaklega góð fyrir börn lengur. Og þá bara drifum við í þessu og Þórarinn var til í að gera vísurnar og þú varst til í að gefa þetta út og það var hægt að gera þetta á tæpum þremur vikum. Alveg frá því að hugmyndin kom og þangað til bókinn var komin í búðir.

**Sigprúður:**

Ég held að það hljóti að vera heimsmet.

**Sigrún:**

Já, ég hugsa það bara en ég lofa að gefa ekki út fleiri bækur í ár!

**Sigprúður:**

Pó er aldrei að vita! Við erum komin á einhvers konar enda en samt á engan enda. Hvert stefnirðu?

**Sigrún:**

Ég ætla bara að halda áfram. Ég á eftir að klára trilógíuna um eyjarnar og svo er ég komin með hugmynd að nýrri bók en ég ætla að láta líða eitt eða tvö ár. En það er ekkert voðalega gott að tala um það sem maður á eftir að gera heldur á maður bara að láta það koma í ljós svona smám saman.

**Aðalsteinn:**

Ég verð að fá að koma að einni spurningu: Ert þú Málfríður?

**Sigrún:**


Nei, ég er ekki Málfríður en Málfríður er hérna frammi. Það er nefnilega búið að setja upp frábæra sýningu hérna frammi. Það er ungt listafólk, þau Una Stígsdóttir og Anik Todd, sem eru búin að búa til svo æðislega sýningu upp úr bókunum mínum og það á að kalla þau hér á svið. Eru þau hér? Við ætlum einmitt að opna þessa sýningu núna ...





Umbrot og hönnun / Kristín Póra Guðbjartsdóttir  
Hljóðritun / RÚV  
Útgefandi / Menningarmiðstöðin Gerðuberg 2011

Samantekt er í samræmi við það sem fram kom á Ritþinginu  
og túlkar sjónarmið þeirra sem þar töluðu.



**GERÐUBERG**  
Menningarmiðstöð